



Fundargerð 2. fundar stjórnar AKÍS 2025-2026

Staður og tími: Zoom 18. mars 2025 kl. 19:30

Mættir aðalmenn: Halldór Viðar Hauksson (HVH), Jón Þór Jónsson (JÞJ), Linda Karlsdóttir (LK), Baldvin Hansson (BH), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS).

Mættir varamenn: Ásta Sigurðardóttir (ÁS), Ari Halldór Hjaltason (AHH).

Fundinn sat einnig Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS) starfsmaður sambandsins.

Fjarverandi: Páll Jónsson (PJ), Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS), Andri Már Sveinsson (AMS).

BH ritaði fundargerð

1. Skipun í Regluráð

Lagt var til að endurskipa Aðalsteinn Símónarson í Regluráð næstu þrjú árin. Stjórn samþykkir þá tillögu.

2. Námskeið AKÍS

Byrjað er að auglýsa og opna á skráningu á keppnisstjóra- og dómnefndar námskeiða. Stefnan er að halda raunfundina sem snúa að verkefnahlutanum 9. apríl á höfuðborgarsvæðinu og 12. apríl á Akureyri.

Unnið er að undirbúningi námskeiðs fyrir skoðunarmenn og öryggisfulltrúa.

3. Reglugerðir AKÍS

Reglugerð um keppnisráð AKÍS og reglur um kjör akstursíþróttafólks ársins hafa verið uppfærðar. Starfsmanni falið að kynna breytingarnar á miðlum AKÍS.

4. Önnur mál

Stjórn tók ákvörðun um að lokahóf AKÍS 2025 verði haldið á Hótel Selfossi 1. nóvember.

Stefnt er að því að halda fyrirlesturinn "Þú ert frábær" fyrir afrekshóp AKÍS í maí mánuði.

Næsti fundur verður 1. apríl kl 19:30.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 20:14.